

Námskrá fyrir 5 ára börn í leikskólum Kópavogs

Grunnþættir menntunar eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun á öllum skólastigum. Leikskólastarf er samþætt og skapandi þar sem leikurinn er námsleið barnsins. Leikskólinn á samstarf við grunnskóla til að auðvelda börnum flutning milli skólastiga og að kennarar þekki og virði nám og starf á mótum skólastiga.

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR	LÆSI	HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	SJÁLFBÆRNI	SKÖPUN	LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	JAFNRÉTTI
NÁMSGREINAR GRUNNSKÓLA	Íslenska, móðurmál, lestur, erlend tungumál og táknmál. Upplýsinga- og tæknimennt.	Skólaíþróttir.	Náttúrugreinar. Stærðfræði.	List og verkgreinar.	Samfélagsgreinar. Trúarbragðfræði. Lífsleikni.	Siðfræði. Jafnréttismál.
FJÖLGREINDIR HOWARDS GARDNERS	Málgreind. Sjálfsþekkingargreind. Samskiptagreind.	Líkams- og hreyfigreind.	Umhverfsgreind. Rök- og stærðfræðigreind. Rýmiggreind.	Rýmiggreind. Tónlistargreind.	Sjálfsþekkingargreind. Samskiptagreind.	Samskiptagreind.
NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	LÆSI OG SAMSKIPTI.	HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN.	SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI.	SKÖPUN OG MENNING.		
MARKMIÐ AÐ BÖRNIN:	Heyri fjölbreytt og vandað málfar. Noti málið til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar, taki þátt í samræðum og færi rök fyrir máli sínu. Sjái ritmál notað við margvíslegar aðstæður í leikskólanum og öðlist skilning á að ritað mál og tákni hefur merkingu. Auki orðaforða sinn og leiki sér með tungumálið. Noti málið til að afla sér þekkingar. Kynnist því að til eru mismunandi tungumál og þróa jákvætt viðhorf til ólíkra tungumála.	Eigi kost á alhliða hreyfingu sem fullnægir hreyfipörf, eflir hreyfigetu og samhæfingu hreyfinga. Reyni á sig og slaki á. Þróa með sér jákvæða líkamsvitund. Verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir. Tengir heilbrigða lífnaðarhætti við holla fæðu og nægan svefn.	Kynnist fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenski veðráttu. Kynnist lífríkinu í nánasta umhverfi og tengi það árstíðunum. Umgangist náttúruna af virðingu. Upplifi sjálfbærni sem sjálf-sagðan þátt í skólastarfinu. Kynnist mismunandi eiginleikum efna og hluta. Noti ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir.	Vinni með fjölbreyttan, skapandi efnivið og noti ýmis áhöld. Tjái hugmyndir sínar og skapi út frá eigin upplifunum, t.d. í myndlist, tónlist, leiklist og upplýsingatækni. Vandir verk sín, fullvinni þau og gangi frá eftir sig. Þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi. Vinni í hóp að sameiginlegu markmiði. Þekki helstu háttíðir í íslensku samfélagi og siði sem tengjast þeim. Hafi frjálstan aðgang að margvíslegum búnaði og aðstæðum þar sem þau læra og líður vel.	Eigi jákvæð, viðurkenndandi samskipti, sjái sjónarmið annarra, sýni umburðarlyndi og tillitsemi, hjálpi hvert öðru og deili með öðrum. Beri ábyrgð og meti leikskólastarfið og taki ákvarðanir sem varða það. Noti lýðræðisleg vinnubrögð og læri að vinna sjálfstætt. Virði verk annarra. Búi við umhverfi sem stuðlar að námi og vellíðan. Kynnist starfi grunnskóla.	Upplifi að stelpur og strákar eigi sama rétt og beri sömu ábyrgð. Kynnist mismunandi þjóðmenningu og þemji sér jákvætt viðhorf til ólíks uppruna og sérkenna annarra. Kynnist mismunandi fjölskyldugerðum.
LEIÐIR Í LEIKSKÓLA	BÖRNIN:	BÖRNIN:	BÖRNIN:	BÖRNIN:	BÖRNIN:	BÖRNIN:
LEIKUR	Hafa aðgang að bókum. Nota ritmál í leik. Hafa aðgang að textum og bókstöfum sem leikfni. Eiga jákvæð samskipti við börn og fullorðna. Temja sér góða samvinnu. Hafa aðgang að fjölbreyttu leikfni sem hvetur til læsis.	Hafa aðgang að mismunandi hreyfivæðum úti og inni. Velja sér viðfangsefni sem stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan.	Hafa aðgang að náttúrulegu leikfni (raða, flokka, greina). Leika sér með stærðfræðileg hugtök. Leika sér með magn og mælingar, formlegar sem óformlegar. Hafa aðgang að tilrauna/vísinda- og kubbasvæðum. Leika með ljós og skugga.	Hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið og áhöldum til skapandi vinnu. Hafa tækifæri til að vinna frjálst með hljóðfæri og hljóðgjafa og hlusta á fjölbreytta tónlist. Hafa aðgang að skapandi umhverfi, úti og inni, þar sem þau beita fín- og grófhreyfingum. Ganga frá og taka til. Nota kímni.	Hafa raunverulegt val um leiksvæði og viðfangsefni og taka sjálfstæða ákvarðun varðandi það.	Upplifa að stelpur og strákar hafa jafnan aðgang að leikfni og valsvæðum og fá hvatningu til að leika sér með fjölbreyttan efnivið óháð hefðbundnum kynhlutverkum.
HÓPAVINNA	Vinna saman að verkefnum sem hvetja til góðra samskipta og vináttu. Gera saman og skrá sögu/ ljóð/ leikrit. Fylgja munnlegum leiðbeiningum. Hafa samvinnu um frágang og tilfekt.	Fara í hringleiki og dansa. Vinna með fínreyfingar. Fara í leiki þar sem þau nota líkamann.	Vinna saman með náttúrulegan efnivið og nota fjölbreytt áhöld. Læra um og vinna með endurvinnslu og sjálfbærni. Leysa þrautir í samvinnu. Fara í stærðfræðileiki. Vinna með hugtök.	Vinna að sameiginlegri listsköpun, s.s. myndlist, tónlist leiklist o.s.frv. Skrá, flytja og tjá sig um verkin. Taka þátt í dans-, hreyfi- og söngvaleykjum. Vinna verkefni tengd mismunandi menningu og fjölbreytileika mannlífsins.	Taka lýðræðislegar ákvarðanir sem hafa áhrif á leikskólastarfið.	Hafa jafnan rétt til þátttöku og því að hafa áhrif og stjórna.
AÐ KOMA OG FARA, KLÆÐA SIG. ÚTIVERA – VETTvangs-ferðir	Ræða um nánasta umhverfi, árstíðir, veðurfar o.fl. Hjálpa hvert öðru að klæða sig. Fara í hópleiki. Ganga vel um fataherbergi. Upplifa að þeim sé heilsað og þau kvædd hlýlega og þau tileinka sér það.	Reyna á sig í leik. Nota fjölbreytt leiktæki og fá tækifæri til að nota mismunandi leiksvæði, manngerð sem ómanngerð. Klæða sig sjálf úr og í. Fara út í flestum veðrum.	Vinna úr náttúrulegum efnivið úti og/eða inni. Veita athygli formum, fjölda og tölum í umhverfinu. Bera virðingu fyrir umhverfinu og skilja að vistspor hafa áhrif til framtíðar.	Fara á sýningar, tónleika og söfn. Hlusta á og kanna umhverfshljóð. Vinna með íslenska fánann og aðra þjóðfána. Fara í vettvangsferðir sem bjóða upp á mismunandi upplifun. Fara í heimsókn í grunnskóla.	Taka þátt í að ákvarða klæðnað sinn fyrir útiveru t.d. með tilliti til veðurs.	Heyra að allir litir, t.d. á klæðnaði eru jafnt fyrir stráka og stelpur.
SAMVERU-STUND	Hlusta á sögur og bækur með og án mynda. Fara með þulur og ríma. Vinna með stöðu hljóða í orðum. Kynnst ólíkum tungumálum. Læra krefjandi lög, þulur og ljóð. Hlusta á gamlar sögur og sagnir.	Fara í leiki sem reyna bæði á fín- og grófhreyfingar. Láta fara vel um sig og velja sér stellingu.	Fræðast um umhverfið, dýr, plöntur, árstíðir og veðurfar. Vinna með stærfræðihugtök. Nota dagatal og klukku. Vinna verkefni sem hvetja til vísinda- og rökhugsunar. Taka þátt í heimspekilegri umræðu.	Skoða saman bækur með listaverkum. Ræða myndskreytingar í bókum. Hlusta á fjölbreytta tónlist og vinna með takt og hljómfall. Fjalla um mismunandi menningu. Ræða um sig sjálf, heimili, símanúmer, afmælisdaga, nöfn foreldra og systkina, afa og ömmu og mismunandi fjölskyldugerðir.	Ræða og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á leikskólastarfið.	Ræða um að allir eiga sama rétt óháð kyni, aldri, trúarbrögðum, getu o.s.frv. Ræða um störf fólks og starfsval óháð kyni. Lesa bækur þar sem kynhlutverk eru óhefðbundin.
MATARTÍMI	Upplifa rólegt og notalegt andrúmsloft. Nota lesmál, t.d. matseðla vikunnar, hver á að hjálpa til við að leggja á borð o.fl. Spjalla notalega saman yfir matnum.	Nota hnifapör, smyrja og hella í glas. Ræða t.d. um matar- tegundir og hollustu matar.	Fara vel með mat. Velta fyrir sér ólíkum fæðu- tegundum og uppruna þeirra. Fjalla um flokkun, endurvinnslu og moltugerð.	Sjá að matur er fallega fram borinn. Kynnst gömlum og nýjum matar- hefðum og mat frá ýmsum löndum. Noti góða borðsiði, sýna tillitsemi, hjálpsemi, samhjálp. Hjálpa til við að leggja á og bera af borðinu.	Skammta sér sjálf.	Hafa jafnan rétt og skyldur í sameiginlegum máltíðum.
HVÍLD	Hlusta á framhaldssögur.	Taka þátt í slökun/nuddi. Upplifa vellíðan með vinum sínum.	Hlusta á umhverfis- og náttúruhljóð.	Loka augum og ímynda sér. Hlusta á slökunartónlist, þögn.	Velja bækur.	Lesi bækur sem fjalla um fjölbreytileika mannlífsins.
LÍKAMLEG UMHIRÐA	Taka tillit til annarra.	Ræða gildi hreinlætis, líkamsumhirðu og sýkingavarna.	Ræða um pappirs- og sápunotkun.	Nota hlífðarföt við myndsköpun.	Hjálpa sér sjálf á salerni og við andlits- og handþvott.	